

Mál nr. 108/2014**M****og****V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar H.****Skaðsemisábyrgð vegna fiskbeins í fiskrétti vegna líkamstjóns 22.8.2013.****Gögn.**

1. Málskot móttengið þ. 10.4.2014 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 23.4.2014.

Málsatvik.

M var að borða plockfiskrétt sem var útbúinn af fyrirtækinu H í mötuneyti á vinnustað sínum þegar fiskbein festist í hálsi hennar og hún varð fyrir heilsutjóni. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V vegna þess að vara sú sem H framleiddi í umrætt sinn hafi búið yfir hættulegum eiginleikum. Í því sambandi vísar M til laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð einkum 6.gr. og bendir á að H hafi fullunnið fiskréttinn og selt. M byggir á því að plockfiskurinn sem H seldi hafi verið vara í skilningi laga um skaðsemisábyrgð. M telur að H hafi sýnt aðgæsluleysi við að útbúa þann fiskrétt sem fiskbeinið var í og bendir á að um hafi verið að ræða stórt bein eða 3 cm á lengd, en hún hafi gert ráð fyrir og mátt gera ráð fyrir að hún væri að borða beinlausan fiskrétt. V hafnar bótaskyldu og vísar til 5.gr. laga um skaðsemisábyrgð og telur að M hafi ekki sýnt fulla aðgát í umrætt sinn þar sem hún hafi kyngt beininu og ekki fundið fyrir því fyrr en það festist í hálsi hennar. Þá segir V að M hafi ekki mátt ganga út frá því að fiskrétturinn væri algjörlega beinlaus og alþekkt sé að bein leynist í fiski og bein í fiski geti ekki talist ágalli. Þá vísar V til þess að ekki hafi verið loforð frá H um að fiskréttuinn væri beinlaus og ávallt þurfi einstaklingur að sýna fulla aðgát þegar hann leggur sér fisk til munns.

Álit.

H seldi fiskrétt inn í mötuneyti sem var tilbúinn til neyslu. Engar varúðarmerkingar eða leiðbeiningar voru vegna fiskréttarins að hann gæti verið haldinn hættueiginleikum. Neytandi sem kaupir og borðar fiskrétt eins og þann sem um ræðir má ganga út frá því að um beinlausan rétt sé að ræða. Þá kröfu verður að gera til þeirra sem útbúa fullbúna fiskrétti að þeir gæti fullnægjandi varúðar m.a. varðandi það að fjarlægja bein og aðskotahluti þannig að rétturinn sé öruggur til neyslu. Þessa gætti H ekki. Fiskbein það sem um ræðir var 3cm langt og sú staðreynd sýnir að umrædd vara þ.e. fiskrétturinn hafði ekki þá eiginleika sem M mátti ætla að hann hefði og var því haldinn ágalla í skilningi 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 13.5.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.